


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ	Lestur og tjáning í ræðu og riti (ÍSLE1FL05)	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4		Námsáætlun haustannar 2019

Kennari	Anna Lilja Harðardóttir, Snorri Björnsson og Sigríður Albertsdóttir	Sk.st.	ALH, SNO, SAL
----------------	---	---------------	---------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður fjallað um byggingu efnisgreina/ritsmíða. Nemendur þjálfast í notkun hjálpargagna og heimilda til að bæta eigin texta og efla stafsetningarkunnáttu. Lesnar verða smásögur og/eða skáldsaga og farið í helstu bókmenntahugtök. Út frá sögunum verða unnin margvísleg ritunarverkefni t.d. endursagnir, útdrættir, leikgerð sögu og ritdómar. Einnig verða unnin önnur ritunarverkefni s.s. kynningar, viðtöl, atvinnuumsókn og ferilskrá. Verkefnum verður skilað ýmist í ræðu eða riti. Einnig verður lögð áhersla á ýmis konar lestur og framsögn. Í lok áfangans samþætta nemendur kunnáttu sína í framantöldum viðfangsefnum og vinna fjölbreytt verkefni að eigin vali sem reyna á frumkvæði, sköpun og sjálfstæð vinnubrögð.

Innritunarlykill á Moodle er 1FL


Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnhugtökum ritgerðasmíða
- uppbyggingu ólíkra texta
- nokkrum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem nýtast í umfjöllun um bókmenntir
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- notkun hjálpargagna og heimilda og mati á gildi heimilda
- helstu atriðum sem varða framsögn

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ýmsa nytjatexta í samfelldu máli með skýrri og skipulagðri framsetningu
- nýta leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að leiðrétta eigin texta
- draga saman aðalatriði í fyrirlestur og ritmáli og taka saman stuttar endursagnir
- leita upplýsinga úr heimildum og nýta á viðeigandi hátt
- lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda og skilja algengt líkingamál og orðatiltæki
- beita algengustu bókmenntahugtökum

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 4		
Lestur og tjáning í ræðu og riti (ÍSLE1FL05) Námsáætlun haustannar 2019		

- flytja eigið efni og annarra af ýmsu tagi
- nota algeng stílbrogð í tal- og ritmáli
-

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málfari
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar frásögnum
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt
- stunda tungumálanám t.d. með því að nýta sér orðasöfn og algengustu málfræðihugtök
- beita mismunandi blæbrigðum og málsniði í tal- og ritmáli til að forðast einhæfni og endurtekningar
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta ýmis konar handbækur
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið

Námsgögn:

Íslenska eitt. Kennslubók í íslensku fyrir framhaldsskóla eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson. Útgefandi er Mál og menning.


Lestur og tjáning í ræðu og riti: Les- og vinnuhefti, fæst á skrifstofu skólans.

Áætlun um yfirferð:

I. lota 20. ágúst - 19. október 2019

Hver er sinnar gæfu smiður

Íslenska eitt kaflar 1, 2, 3, 4 og 6: Farið verður yfir helstu tegundir stílbragða og myndmáls, rifjuð upp bragfræðileg einkenni ljóða og þau heimfærð upp á texta í óbundnu máli. Fjallað verður um bókmenntir og hugtök tengd bókmenntagreiðingunni. Samhliða bókmenntalegri umfjöllun verður farið í uppbyggingu texta, frá smæstu einingum til þeirra stærstu, auk þess sem nemendur verða æfðir í framsögn, unnin ýmis verkefni tengd ritun og bókmenntum. Námsmat lotunnar er fólgið í

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 4 af 4	Lestur og tjáning í ræðu og riti (ÍSLE1FL05) Námsáætlun haustannar 2019	


	Útdráttur 2,5%	
Ritun	Rökfærsluritgerð úr völdu efni. Ritgerðinni þarf að skila tvisvar til þess að hún verði metin til einkunnar.	10%
Lokapróf	Skriflegt lokapróf tekið í lok annar.	40%
	Samtals:	100%
<p>Annað: Nemandi sem ekki skilar rökfærsluritgerðinni fyrirgerir rétti sínum til að taka lokapróf og telst fallinn. Nemandi, sem ekki mætir í lokapróf, telst jafnframt fallinn. Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að vera 4,0 til að verkefni og próf yfir önnina séu metin til lokaeinkunnar í áfanganum.</p>		


Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gilda ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf-/matsdag.


Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning: 20.08.2019


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Lestur og tjáning í ræðu og riti (ÍSLE1FL05) Námsáætlun haustannar 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4		

lesskilningsprófum á Moodle, framsagnarverkefnum, ritunarverkefnum og miðannarprófi í lok lotunnar.

II. lota 21.október – 9. desember 2019 Hálfnað er verk þá hafið er

Íslenska eitt kaflar 1, 2, 3, 4, 5 og 6: Áfram verður unnið með myndmál, stílbrögð og bókmenntahugtök. Nemendur æfa áfram framsögn og taka krossapróf á Moodle. Í þessari lotu vinna nemendur rökfærsluritgerð um valið efni. Farið verður vandlega í uppbyggingu ritgerða og undirbúning ritgerðarskrifa. Nemendur gera hugmyndalista, hugmyndakort og efnisgrind sem þeir byggja ritgerðina síðan á. Að því loknu skila nemendur uppkasti að ritgerð ásamt öllum undirbúningsgögnum. Kennari fer yfir og **nemendur þurfa síðan að lagfæra ritgerðina m.t.t. athugasemda og skila aftur til þess að fá einkunn fyrir hana. Lagfæri nemandi ekki ritgerðina dregst einn heill frá lokaeinkunn. Nemandi sem ekki skilar ritgerðinni, fyrirgerir rétti sínum til lokaprófs og telst fallinn.** Önninni lýkur á 40% lokaprófi þar sem reynir á alla námsþætti annarinnar. **Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að vera 4,0 til að verkefni og próf yfir önnina séu metin til lokaeinkunnar í áfanganum.**

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Lesskilningur	Krossapróf úr pistlum, fréttum og smásögum. Í allt 12 próf og 10 bestu gilda til lokaeinkunnar.	10%	
Framsögn	Nemendur lesa ýmsa texta fyrir samnemendur, einir sér eða með öðrum.	10%	
Miðannarpróf	Skriflegt próf, tekið í kennslustund, úr efni fyrri hluta annarinnar.	20%	
Ritun	Atvinnuumsókn og ferilskrá 5% Nýtt sjónarhorn 2,5%	10%	